

Hafnarfjarðarhöfn

# *Fjárhagsáætlun 2021*

Greinargerð hafnarstjóra við framlagningu fjárhagsáætlunar



## *Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarhafnar fyrir árið 2021 byggir m.a. á eftirfarandi forsendum:*

- Áhrifa v. Covid-19 mun gæta fram eftir ári 2021 og hafa áhrif á heildarumsvif líkt og 2020.
- Óvissa er um heildarframleiðslu og umsvif álversins í Straumsvík.
- Stöðugleiki verður í almennum lausaflutningum – asphalt, olía, sandur og salt.
- Úthafsveiðar Rússa og Grænlandinga verða með óbreyttu sniði frá undanförunum árum.
- Tekjur af aflagjöldum verða svipaðar og undanfarin ár.
- Ekki er gert ráð fyrir tekjum af komum farþegaskipa á árinu 2021.
- Gjaldskrá hafnarinnar mun hækka í samræmi við verðlag eða um 2,5% frá 1. janúar 2021.
- Starfsmannahald og starfsskipulag verður með óbreyttu sniði.
- Launaliðir taka mið af kjarasamningum sem gilda til ársins 2023.
- Lögð verður áhersla á endurbætur á eldri hafnarmannvirkjum, Suðurbakka og Óseyrarbyggju.
- Allar nýjar fjárfestingar verða greiddar af eigin tekjum hafnarinnar.

## *Helstu nýframkvæmdir á árinu 2021 verða:*

- Fyrstu áfangar frekari orkuskipta og öflugri landtenginga á Hvaleyrarbakka.
- Landfyllingar við Hamarshöfn og undirbygging fyrir hafnargarð utan við Vesturhamar.
- Áframhaldandi endurbætur á Norðurgarði.
- Frágangur á svæði utan Hvaleyrarbakka.
- Endurnýjun á eldri öryggishliðum vegna hafnarverndar.
- Uppsetning á led-lýsingu í Suðurbakka
- Endurbætur á viðlegurými í Flensborgarhöfn
- Frágangur á geymslusvæði, uppsátri fyrir báta og kerrur við Hvaleyrarlón

## Samanburður áætlana 2020 og 2021

	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>Skýringar</b>
<b>Hafnargjöld</b>	452.000	422.000	Varleg áætlun í vöru- og aflagjöldum
<b>Seld þjónusta</b>	169.000	162.500	Ekki reiknaðar tekjur af farþegaskipum 2022
	<b>621.000</b>	<b>584.500</b>	
<b>Leigutekjur</b>	80.914	89.074	
<b>Tekjur alls</b>	<b>701.914</b>	<b>673.574</b>	
<b>Launakostn.</b>	<b>215.641</b>	<b>226.308</b>	Samningar gilda til 2023
<b>Lífeyrisskuldb.</b>	<b>19.559</b>	<b>17.756</b>	Vegna Brúar 2,4 millj.
<b>Vörukaup</b>	<b>39.150</b>	<b>48.900</b>	Rafmagskaup og endursala rauntölur
<b>Þjónustukaup</b>	<b>104.242</b>	<b>112.569</b>	Aukið fjármagn í viðhald hafnarbakka
<b>Annar kostnaður</b>	<b>11.970</b>	<b>11.815</b>	Skattar, styrkir og framlög, afsk. kröfur
<b>Afskr. fastafjárm.</b>	<b>93.604</b>	<b>103.850</b>	
<b>Fjárm.gjöld/-tekjur</b>	<b>16.637</b>	<b>-705</b>	
<b>Afkoma áætlað</b>	<b>235.250</b>	<b>151.864</b>	

### **Almennur rekstur:**

Nokkur samdráttur hefur verið í tekjum hafnarinnar á árinu 2020 miðað við forsendur í fjárhagsáætlun ársins sem rekja má fyrst og fremst til almenns samdráttar í samfélaginu v. Covid-19 faraldursins. Þannig lagðist aðeins eitt farþegaskip að bryggju þetta sumarið, en áætlaðar voru um 30 skipakomur.

Einnig hefur óvissa og samdráttur í rekstri álverskmiðjunnar í Straumsvík og lækkun á álverði haft sitt að segja, auk þess sem lítil sem engin löndum var á uppsjávarfisk á haustmánuðum og karfaveiðar á Reykjaneshrygg voru lakari en undanfarin sumur.






Reikna má með að tekjur verði um 10% undir áætlun á árinu 2020, en það er nokkuðminni samdráttur en á öðrum helstu höfnum landsins. Helsta skýringin er sú að mjög fjölbætt starfsemi og þjónusta er hjá Hafnarfjarðarhöfn og hrun í komum farþegaskipa hefur því ekki jafnmikið að segja hér og á öðrum stærri höfnum. Auk þess hefur nokkur aukning orðið í almennum lausaflutningum og góð viðlegunýting hefur verið á hafnarbökkum.

Tekjur af álverinu í Straumsvík voru um 15% minni en árið á undan og sýnir það sig ekki síst í minni vörugjöldum. Þá voru tekjur af aflagjöldum nokkru minni en undanfarin ár og þjónustugjöld drógust aðeins saman, m.a. vegna lokunar á öll farþegaskip. Heildartekjur voru áætlaðar liðlega 700 milljónir en verða vætanlega milli 640-50 milljónir.

Launkostnaður jókst milli ára eins og áætlun gerði ráð fyrir, fyrst og fremst vegna nýs starfsmats og nýrra kjarasamninga. Einn starfsmaður lét af störum á árinu 2020 og var beðið með að ráða í þá stöðu vegna þess óvissuástands sem ríkt hefur, en stefnt er að því að ráða inn nýjan starfsmanna á árinu 2021.

Annar rekstrarkostnaður var að mestu í samræmi við áætlun. Farið var í umtalsverðar endurbætur á hafnsögubátum Þrótti og einnig voru endurbætur á hafnarmannvirkjum í Straumsvík uppá nær fjórða tug milljóna vegna skemmda í óveðri í desember 2019. Sá kostnaður var að lang stærstum hluta endurgreiddur af Náttúruhamfaratryggingum Íslands.





### ***Flensborgarhöfn – Vesturhamar - Hamarshöfn***

Nýtt rammskipulag fyrir hafnarsvæði Flensborgarhafnar, Fornubúða og Óseyrar var samþykkt í hafnarstjórn og bæjarstjórn í febrúar 2020 eftir viðamikla undirbúningsvinnu. Stefnt er að því að breytt og endurskoðað aðalskipulag fyrir þessi svæði verði endanlega staðfest á fyrri hluta ársins 2021 og vinna við gerð deiliskipulags og undirbúningur framkvæmda geti hafist á komandi vetri.

Hafnarfjarðarhöfn mun leggja áherslu á í fyrsta áfanga þessa stóra verkefnis að undirbúa og hrinda í framkvæmd landfyllingum og gerð hafnargarðs fyrir nýja smábátahöfn – Hamarshöfn undir Vesturhamri. Einnig verið farið í landfyllingar fyrir nýtt athafnasvæði Siglingaklúbbsins Þyturs, austan við núverandi Drafnar-slipp.

Stefnt er að því að nýta efni sem fellur til við byggingaframkvæmdir á Óseyrarsvæði í þessar fyllingar. Þá verður einnig unnið að frekari útfærslu og þróun framtíðar uppbyggingar innan Flensborgarhafnar.

Í þeim efnum þarf m.a. að ganga frá samkomulagi varðandi lóðamál, flytja uppsátur báta að Hvaleyrarlóni og gera verkáætlun um framkvæmdir á svæðinu. Framkvæmdaáætlun hafnarinnar til næstu ára mun m.a. taka ríkulega mið af þessum verkefnum.



### ***Framkvæmdir:***

Á árinu 2020 var að fullu lokið við frágang á Háabakka framan við Fornubúðir 5 þar sem Hafrannsóknastofnun flutti starfsemi sína í sumarbyrjun 2020. Rannsóknarskipin Árni Friðriksson og Bjarni Sæmundsson lögðust að Háabakka í sinni nýju heimahöfn í mars 2020.

Síðasti áfangi verkefna við Háabakka er smíði trébryggju á útivistarsvæði milli Háabakka og Óseyrarbryggju. Þeim framkvæmdum verður að fullu lokið í október 2020. Milli Háabakka og Suðurbakka var komið upp nýju rafstýrðu aðgangs- og öryggishliði og jafnframt aðstöðu fyrir öryggisgæslu, upplýsingaþjónustu og salerni við nýja hliðið.

Einnig var lokið við stækkun skútubryggju um 20 metra, en þessi viðbót bætir verulega úr þörf fyrir aukið viðlegurými fyrir skútur í smábátahöfninni, sem mikil eftirspurn hefur verið eftir og einnig móttöku erlendra gestaskúta að sumarlagi.

Aðrar helstu framkvæmdir á árinu voru endurbætur vegna tjóns á báðum hafnarbökkum í Straumsvík eftir óveður í árslok 2019. Þá var unnið að frágangi við enda landfyllingar utan Suðurgarðs og jafnframt farið í fyrsta áfanga endurbóta á Norðurgarði og grjótfyllingu utan á Norðurbakka í samvinnu við framkvæmdasvið Hafnarfjarðarbæjar.

Framkvæmdir vegna rafvæðingar á árinu 2020 við Háabakka og Suðurbakka námu um 30 milljónum króna. Hafnarstjórn samþykkti í sumarbyrjun 2020 áætlun um orkuskipti og viðamikla styrkingu á raforku- og landtengingarkerfi Hafnarfjarðarhafnar.

Áætlunin gerir ráð fyrir að auka núverandi afl dreifistöðva við Suðurbakka, Hvaleyrarbakka og í Straumsvík úr 5489 kVA í 9100 kVAv í fjórum áföngum á næstu fjórum til fimm árum. Heildarkostnaður er áætlaður um 600 millj króna. Styrkur vegna orkuskipta fékkst frá umhverfisráðuneyti til 1. áfanga þessa verkefnis uppá 12 milljónir kr.

## **Fjárfestingahreyfingar 2021-2024**

	<u>2020</u>	<u>2020</u>	<u>2021</u>	<u>2022</u>	<u>2023</u>	<u>2024</u>
	<i>áætlun</i>	<i>líklegt</i>	<i>áætlun</i>	<i>áætlun</i>	<i>áætlun</i>	<i>áætlun</i>
<b>Fjárfesting</b>	200.000	230.000	265.000	230.000	250.000	250.000
<b>Lóðasala</b>	0	0	0	50.000	100.000	100.000
<b>Fjárfestingahreyf.</b>	200.000	230.000	265.000	180.000	150.000	150.000

<b>Sundurliðun</b>	<u>2021</u>	<b>Sundurliðun</b>	<u>2022</u>	<u>2023</u>	<u>2024</u>
Landfyllingar - Hamarshöfn	50.000	Flensborgarhöfn	30.000	50.000	50.000
Orkuskipti 1. áf. Hvaleyrarb.	100.000	Hamarshöfn	50.000	50.000	50.000
Geymslusvæði - uppsátur	15.000	Orkuskipti	100.000	100.000	100.000
Norðurbakki - grjótvörn	30.000	Bryggjukantar	50.000	50.000	50.000
Frág. utan Hvaleyrarb.	15.000				
Öryggishlið endurnýjun	10.000				
Deiliskipul. Flsb.höfn	10.000				
Norðurgarður grjótvörn	10.000				
Led lýsing – Suðurhöfn	10.000				
Flensborgarh.– viðlega	15.000				

### ***Framkvæmdaáætlun til 2024:***

Helstu verkefni í fjárfestingum og framkvæmdum á árinu 2021 verða tengd orkuskiptum og nýjum og öflugri landtengingum á Hvaleyrarbakka. Það er í samræmi við Umhverfisstefnu Hafnarfjarðarhafnar og þá aðgerðaráætlun sem hafnarstjórn hefur samþykkt. Á fundi hafnastjórnar í lok ágúst sl. var umhverfisstefnan yfirfarin fyrir undirbúning fjárhags- og framkvæmdaáætlunar fyrir komandi ár. Orkuskiptin og Led-lýsing á Suðurhöfninni eru sérstaklega tilgreind í þeim efnum.

Á árinu 2021 verður unnið að deiliskipulagsgerð á Flensborgarsvæði og hafist handa við landfyllingar austan við slippsvæðið og fyrir nýjan hafnargarð við Hamarshöfn undir Vesturhamri.

Útbúið verður nýtt uppsátur og geymslusvæði fyrir smærri báta á svonefndu „kerrusvæði“ norðan við ósinn í Hvaleyrarlón og haldið áfram endurbótum á Norðurgarði. Einnig er fyrirhugað að endurnýja eldri öryggishlið að Hvaleyrarbakka og vinna við frágang á landfyllingum utan bakkans.

Í langtímaáætlun til ársins 2024 er horft til frekari uppbyggingar og þróunar á svæðinu við Flensborgarhöfn og Hamarshöfn, auk næstu áfanga í orkuskiptum og öflugri landtengingum við Suðurbakka og í Straumsvík. Stefnt er að því að þeim verkefnum verði að stærstum hluta lokið í lok þessa áætlunartíma.

*Hafnarfirði 6. október 2020*  
*Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri*